

Fundargerð nr. 195

195. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga haldinn 7.2.2020 kl. 8:45

Mætt: Kristín Magnúsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurjón Vídalín, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Ársreikningur 2019. Umræður um ársreikning. Ákveðið að fresta afgreiðslu, formaður nefndarinnar ásamt skólastjórnendum munu hitta endurskoðanda og ræða ákveðna liði.
2. Bókhald frá janúar 2020. Umræður um hvernig bókhaldi skólans verður best komið, ákveðið að gera samanburð á mismunandi kostum, að halda núverandi fyrirkomulagi eða færa það innanhúss.
3. Persónuverndarfulltrúi frá 2020. Fyrirhugað að Héraðsskjalasafn Árneseinga taki að sér að sinna þessu verkefni en ekki er komin niðurstaða varðandi kostnað.
4. Skólagjöld 2020-2021. Samþykkt að miða við 2,5% hækkun á skólagjöldum til samræmis við verðbólguþá og lífskjarasamninga.
5. Önnur mál. Skólastjóri upplýsti að salur að Eyrarvegi 15 (gamla Veiðisport) er að bætast við kennslurými, Samfylkingarsalur verður nýttur áfram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:15/KH

*Kristín Magnúsdóttir,
Kolbrún Haraldsdóttir,
Sigurjón Vídalín,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*